

- 91  
6. júlí **Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um lán handa Kirkjubæjarklausturs prestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. í dag, veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess, að Kirkjubæjarklaustursprestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi megi taka 800 kr. lán úr landsbankanum til húsabygginga þannig, að lán þetta verði endurborgað af tekjum prestakalls þessa á næstu 8 árum með  $\frac{1}{8}$  árlega auk vaxta.
- 92  
9. júlí **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skyldu manns til að veita sonarbörnum sínum forörgun.** — Með brjefi, dags. 29. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, hefur sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, þar sem hún fer fram á, að Eyjólfur Jónsson, bóndi á Hausastöðum (Katrínarkoti) þar í hreppi, verði skyldaður til að veita skilgetnum börnum sonar hans látins forörgun, og hefur sýslumaðurinn óskað úrlausnar minnar um erindi þetta.
- Út af þessu undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að hjer er að ræða um ágreining milli hreppsnefndar annars vegar og privatmanns á hina hliðina, en eigi um sveitarmálságreining milli tveggja hreppa, heyra úrslit máls þessa undir úrlausn dómstólanna en eigi landshöfðingja.
- 93  
12. ágúst **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á reka og veiðiítökum tilheyrandi prestakalli.** — Með brjefi þessu tilkynnti ráðgjafinn landshöfðingja, að hans hátígn konunginum hefði þóknazt 9. þ. m. allramildilegast að fallast á, að reka- og veiðiítök Hofs prestakalls í Álptafirði fyrir landi jarðarinnar Starmýri í Suðurmúlasýslu megi selja eiganda jarðar þessarar, ekkjunni Ragnheiði Stefánsdóttur, fyrir 200 kr.
- 94  
28. ágúst **Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um gjald fyrir borgarabrjef til verzlunar.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. þ. m., hafði þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer erindi Jóns kaupmanns Jónssonar, sem áður hefur rekið fasta verzlun í Borgarnesi, en í sumar hefur byrjað verzlun hjer í bænum og leyst til þess borgarabrjef samkvæmt lögum 7. nóv. 1879 og greitt fyrir það 50 kr. í bæjarsjóð, þar sem hann fer fram á, að fá greindar 50 kr. endurborgaðar sökum þess, að hann hefði eigi þurft að kaupa nýtt borgarabrjef til að geta stofnað verzlun hjer, en hefði haft rjett til að verzla á hverju kauptúni eða löggiltum verzlunarstöðum á landinu, sem hann vildi, samkvæmt borgarabrjefi því, er hann áður hafði fengið til verzlunar í Borgarnesi, og sem útgefið var 18 júní 1877. Hafði þjer látið þá skoðun í ljósi, að endurborgunarkrafa sú, sem þannig er fram komin, sje eigi á rökum byggð, en beiðzt þó álits míns um málefnið eptir ósk Jóns kaupmanns Jónssonar.
- Út af þessu undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður, að það

er álit mitt, eins og yðar, að Jón kaupmaður Jónsson, sem hefur hætt með öllu við verzlun í Borgarnesi, geti eigi í skjóli borgarabryjfs þess frá 18. júní 1877, er hann hafði til verzlunar í Borgarnesi, byrjað nýja verzlun hjer í bænum, og að endurborgunarkrafa hans sje því eigi á rökum byggð, en að öðru leyti er spurning þessi þess eðlis, að hún heyrir undir fullnaðarúrskurð dómstólanna.

94  
28. ágúst

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

13. gr. A. b. 5.

Á Synodus var fje það, að upphæð 3000 kr., sem getur um undir þessum lið, að viðbættum 400 kr. af prestsekkna sjóðnum, og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauda eður alls 3481 kr. 40 a. skipt þannig milli:

#### A. Uppgjafapresta:

	Kr.
1. Jón Brynjólfsson frá Kálfholti . . . . .	50,00
2. Þorvaldur Böðvarsson frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd . . .	50,00
3. Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþingum . . . . .	81,40
4. Magnús Gíslason frá Saudlauksdal . . . . .	100,00
5. Þórður Thorgrimsen frá Otrardal . . . . .	50,00
6. Guðmundur Gísli Sigurðsson frá Gufudal . . . . .	300,00
7. Einar Vernharðsson frá Stað í Grunnavík . . . . .	50,00
8. Páll Jónsson frá Viðvík . . . . .	50,00
9. Jón Jónsson Reykjalin frá Þönglabakka . . . . .	100,00
	<hr/>
	831,40

#### B. Prestsekkna:

	Flutt	Kr.
1. Ragnhildur Methúsalemsdóttir frá Hjaltastað . . . . .		831,40
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum . . . . .		120,00
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum . . . . .		80,00
4. Guðrjúður Jónsdóttir frá Ási . . . . .		60,00
5. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri . . . . .		50,00
6. Pálina Böðvarsdóttir frá Árnesi . . . . .		30,00
7. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini . . . . .		20,00
8. Ólöf Einarsdóttir frá Klyppstað . . . . .		40,00
9. Þórunn Stefánsdóttir frá Eydölum . . . . .		30,00
10. Guðný Jónsdóttir frá Einholti . . . . .		50,00
11. Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri . . . . .		20,00
12. Solveig Einarsdóttir frá Holti undir Eyjafjöllum . . . . .		70,00
13. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli . . . . .		30,00
14. Sesselja Ísleifsdóttir frá Stóranúpi . . . . .		40,00
15. Guðrún Pálsdóttir frá Stóranúpi . . . . .		20,00
16. Anna M. Bech frá Þingvöllum . . . . .		20,00
17. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum . . . . .		30,00
	<hr/>	
	Flyt	1571,40